

# Blöðruprýstingsmæling hjá mænusköðum

Blöðruprýstingsmæling er lífeðlisfræðileg rannsókn sem metur starfsemi þvagblöðru. Rannsóknin tekur 60–90 mínútur og fer fram á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut.

Ekki er hægt að gera rannsóknina ef grunur er um þvagfærasýkingu, ef niðurgangur er til staðar eða meðan blæðingar standa yfir.

## Undirbúningur fyrir rannsókn

- Taka á öll lyf eins og venjulega.
- Fylla þarf út meðfylgjandi vökva- og þvaglátaskrá. Þvagmagnið er mælt í mælikönnu og er nákvæm skráning mikilvæg.
- Vegna leggs sem er settur í endaparm er mikilvægt að hægðalosun hafi verið daginn fyrir rannsóknina.

## Rannsóknardagur

- Nauðsynlegt er að hafa útfyllta vökva- og þvaglátaskrá með á spítalann.
- Vera þarf mál að pissa ef eðlileg skynjun er á þvaglátum.
- Tappa þarf af sér heima eins og venjulega ef um þvagtöppun er að ræða.

## Framkvæmd rannsókna

Hjúkrunarfræðingur framkvæmir rannsóknina. Grannur rannsóknarleggur er þræddur upp þvagrásina í þvagblöðru. Í gegnum legginn er vatni dælt rólega inn í þvagblöðruna og þrýstingur þar mældur. Einnig er settur grannur leggur í endaparm sem mælir þrýsting fyrir utan þvagblöðruna og tvær elektróður við endaparm sem mæla vöðvaviðbrögð.

Ef um eðlilega skynjun á þvagþörf er að ræða er skráð hvenær þörf fyrir þvaglát byrjar og hvenær sjúklingi verður mál. Þegar þvaglátþörf er orðin mikil er hætt að dæla vatni og þá má kasta af sér þvagi í sérstakan mæli.

Ef skynjun á þvagþörf er ekki til staðar er fyllt á þvagblöðru með því magni sem hún tekur samkvæmt þvaglátaskránni sem komið er með í rannsóknina. Þvagleki er einnig skráður.

Eftir blöðruprýstingsmælingu gerir læknir yfirleitt alltaf blöðruspeglun.

## Kostnaður

Ekki þarf að greiða fyrir rannsóknina.

## Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á er opin virka daga klukkan 08:00-16:00

543 7100

Velkomið er að hafa samband við deildina ef spurningar vakna.